

Mohawk
Super Motrac
AMERÍSK
JEPPADEKK

SÓLUÐ
SUMARDEKK
í úrvali

NITTO umboðið hf. S.15485
Heildverslun

GÚMBARÐINN
Brautarholti 10 s.17984

HJÓLBARÐAVIÐGERÐIN MÚLA
v/Suðurlandsbraut s.32960

HJÓLBARÐAVIÐGERÐ
VESTURBÆJAR
v/Nesveg s.23120

LITAVER — LITAVER — LITAVER —

Mjög vandaðar
kork gólfflísar
verð pr. ferm.
kr. 2.980,- og 2.780,-

LITAVER
Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Lítið við í Litaver því
það hefur
ávallt borgað sig

LITAVER — LITAVER — LITAVER —

Til leigu

auglýsingastofa til leigu,ef um semst,um óákveðinn tíma. Uppl. sendist blaðinu merkt ,,9618''.



„Hér hafa hvað flestir listræna köllun"

— segir Baltasar, en hann opnaði um helgina sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum

,,Ég leitast við að þekkja mína þjóð, það er skýringin,'' sagði Baltasar Semper þegar blaðamaður Vísis undraðist hið þjóðlega yfirbragð á sýningunni sem Baltasar opnaði um helgina að Kjarvalsstöðum. Sagðist hann telja sig allt eins til Íslendinga og spánverja, enda verið hér hálfa ævina.

Á sýningunni eru 50 olíumálverk, flest þeirra svo fersk að olíulyktin er enn af þeim. Einnig sýnir Baltasar 40 teikningar, 12 ára gamlar af öllum bændum Grimsness. Sagðist hann hafa teiknað þær meðan kona hans lá á sæng á sjúkrahúsinu á Selfossi. Notaði hann þá tímann milli heimsókna til þess að sækja bændurna heim.

Fyrirmyndirnar að myndum Baltasar eru margs konar og eru þær ýmist málaðar eftir minni eða eftir lestur þjóðsagna. Þarna er mikið af hundum og hestum, enda eru þeir meðal góðvina Baltasars. Hins vegar er lítið um landslagsmyndir, en listamaðurinn kvað vera nóg af landslagsmálurum á Íslandi þótt ekki væri verið að bæta útlendingi í hópinn.

Þó tókum við eftir einni mynd, sem er landafræðilegs eðlis. Sýnir hún Ísland og eru á landinu ótal hestar.

,,Þetta á að sýna Ísland sem um það land, þar sem hvað flestir hafa listræna köllun, þótt ekki nái allir að fljúga. Myndin heitir ,,Ljáðu mér vængi'' og sýnir þetta fólk eins og pegasus sem vonast eftir vængjum til að fljúga með. Enginn þeirra hefur vængi vegna þess að það er ekki mitt að útbýta þeim'', sagði Baltasar.

—SJ

Spilaði á píanó tveggja ára og samdi lög sjö ára

— Magnús Blöndal í 3 þekktum erlendum bókum sem eru að koma út

Magnús Blöndal Jóhannsson tónskáld er einn af þúsund merkustu mönnum heims á ýmsum sviðum sem getið er í bókinni The International Register Of Profiles sem út kemur á þessu ári. Upplýsingar um Magnús Blöndal er einnig að finna í tveimur öðrum þekktum bókum sem út koma á þessu ári, bókunum The International Who's Who Of Intellectuals og Men of Achievement. Fyrrnefnda bókin kemur í fyrsta sinn út á þessu ári, og er þar að finna upplýsingar um þúsund menn í heiminum, sem merkir þykja á sínu sviði.

Bækur þessar eru uppsláttarbækur og er þær að finna á ýmsum bókasöfnum, menntastofnunum og hjá blöðum og tímaritum víðs vegar um heim.

Í bókinni The International Register of Profiles er heil síða um hvern þessara þúsund manna, mynd og 500 orða grein. Bókin verður sérstaklega handbundin og unnin fyrir þessa þúsund.

Fór að semja 7 ára gamall


Það þykir mikill heiður að komast í þessar bækur en þessir aðilar eru valdir eftir meðmælum frá einstaklingum, hópum og rannsóknaraðilum International Biographical Centre í Cambridge sem gefur tvær af fyrrnefndum bókum út.

Um Magnús Blöndal segir meðal annars: ,,Tónlistarhæfileikar hans komu mjög fljótt í ljós, þar sem hann byrjaði að leika á píanó rúmlega tveggja ára gamall og fór að semja 7 ára. Hann fékk inngöngu í Tónlistarskólann í Reykjavík tíu ára gamall, þá sá yngsti sem tekinn hafði verið í skólann.''

Þess má einnig geta að Magnús Blöndal hefur verið kosinn heiðursfélagi í Intercontinental Biographical Association.

Magnús Blöndal hefur samið tónlist fyrir sjónvarp, útvarp, leikrit og mikið fyrir kvikmyndir, innlendar og erlendar. Meðal kvikmynda sem hann hefur samið tónlist við eru ,,Surtur fer sunnan'' og ,,Heimaey on fire'', sem báðar eru verðlaunamyndir.

—SJ



Magnús Blöndal Jóhannsson